

þessu, sbr. 2. mgr. 1. gr. l. nr. 56/1979, en í þeirra stað dæmast vextir eins og í dómsorði greinir.

Málskostnaður ákveðst kr. 6.700,00.

Dóminn kvað upp Lilja Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Dagblaðið h.f., greiði stefnanda, Pétri Péturssyni, kr. 40.989,00 með 34% ársvöxtum frá 1.3. 1982 til 1.11. 1982, en frá þeim degi með 42% ársvöxtum til 21.9. 1983, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. 1983, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 9.12. 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. 1983, en með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1. 1984, en frá þeim degi með 15% ársvöxtum til greiðsludags, og kr. 6.700,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 30.apríl 1985.

Nr. 10/1985. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Baldvin Guðmundi Ragnarssyni

(Jón Oddsson hrl.)

Skjalafals. Brot gegn 233. gr. alm. hegningarlaga. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjórns-son og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 11. desember 1984. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyng-

ingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 22. febrúar sl.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal hnífur sá, sem um ræðir í málinu.

Ákæra 28. september 1983. Í átökum þeim, sem urðu milli ákærða og Viðars Helga Guðjohnsen, tók ákærði upp hníf, sem hann hafði á sér. Var hér um að ræða skeiðarhníf með 12 ½ sm löngu blaði. Viðar kveður ákærða hafa beint hnífnum að sér, en ákærði kannast ekki við það og ber því við, að hann hafi tekið upp hnífinn sakir óþæginda af honum. Sú skýring þykir þó marklaus, og verður að líta svo á, að hnífinn hafi hann mundað til þess að ógna Viðari. Styðst sú niðurstaða við skýrslu, sem ákærði gaf fyrir rannsóknarlögreglu, en í henni skýrði hann svo frá, að hann hefði otað hnífnum að Viðari og enn fremur að hugsun sín hefði aðeins verið að hræða hann. Telja verður, að sú ógnun hafi verið til þess fallin að vekja hjá Viðari ótta um líf eða heilbrigði. Er því fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að þetta atferli varði ákærða refsingu samkvæmt 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er að gæta, að Sigurður Einarsson, sem héraðsdómari vitnar til í sambandi við niðurstöður sínar um þennan ákærulið, kom ekki fyrir dóm, og verður skýrsla hans fyrir rannsóknarlögreglu eigi metin sem sönnunargagn á sama hátt og vitnisburður fyrir dómi.

Ákærun 24. október 1983 og 5. apríl 1984. Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi gerst sekur um öll þau brot, sem þessar ákærun lúta að. Með því að aka bifreið ölvaður 9. apríl, 9. september og að kvöldi 8. október 1983 hefur hann brotið gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 (í héraðsdómi hefur hér misritast 24. gr. í stað 25. gr.). Ölvunarakstur ákærða að morgni 8. október 1983 varðar við 2., sbr. 3. mgr. nefndrar 25. gr. Þar sem ákærði hafði verið sviptur rétti til ökuleyfis, hefur hann með akstri sínum í þessi fjögur skipti brotið gegn 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga.

Ákæra 20. júlí 1984. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um þessa ákæru.

Refsing ákærða er samkvæmt 233. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og með hliðsjón af 77. og 78. gr. hegningarlaga og löngum sakaferli ákærða hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Baldvin Guðmundur Ragnarsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. október 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 31. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómará, kveðinn upp dómur í máli nr. 492/1984: Ákærvaldið gegn Baldvin Guðmundi Ragnarssyni, sem tekið var til dóms 2. þ.m.

Málið var höfðað gegn Baldvin Guðmundi Ragnarssyni matsveini, til heimilis að Oddabraut 24, Þorlákshöfn, fæddum 30. desember 1953 í Reykjavík, með 4 eftirgreindum ákærum:

I.

Ákæra, dagsettt 28. september f.á., „fyrir að hafa, föstudaginn 4. febrúar 1983, þá er ákærði dvaldi á Gistiheimilinu, Brautarholti 22, Reykjavík, veist þar að forstöðumanninum, Viðari Helga Guðjohnsen, með hótunum um líkamsmeiðingar og því til áréttingar dregið upp hníf og gert sig líklegan til að leggja til Viðars Helga, sem tókst að afvopna ákærða og kalla til lögreglu.

Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

II.

Ákæra, dagsett 24. október f.á., „fyrir að aka, tvisvar sinnum á árinu 1983, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, eftirgreindum bifreiðum í Reykjavík, svo sem rakið verður:

1. Laugardaginn 9. apríl 1983, bifreiðinni E-2321 frá Kleppsvegi 140

um götur þar í nágrenninu og aftur að Kleppsvegi 140, en þar hafði lögreglan afskipti af honum strax að loknum akstri.

2. Föstudaginn 9. september 1983, bifreiðinni Ö-3897 frá veitingahúsinu Óðali við Austurvöll að Laugavegi 43 og þaðan stuttu síðar að húsi í Hlíðunum og aftur að Laugavegi 43, en þar hafði lögreglan afskipti af honum strax að loknum akstri.

Telst hvort tveggja varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

III.

Ákæra, dagsett 5. apríl sl., „fyrir að aka, tvisvar sinnum laugardaginn 8. október 1983, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni Ö-3897, svo sem hér verður rakið:

1. Um kl. 04, frá Meistaravöllum 21, Reykjavík, áleiðis að Austurgerði 10, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Miklatorgi.

2. Um kl. 20, úr bifreiðastæði við lögreglustöðina Hverfisgötu 113, Reykjavík, um Snorrabraut, Skúlatorg, Skúlagötu og Rauðarárstíg, en þar stöðvaði lögreglan frekari akstur hans.

Telst hinn fyrri liður varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr., 25. gr., en hinn síðari við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., allt við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

IV.

Ákæra, dagsett 20. júlí sl., „fyrir skjalafals, með því að hafa þann 26. ágúst 1983 afhent í Bifreiðaeftirliti ríkisins á Patreksfirði tilkynningu um sölu bifreiðarinnar R-34718, dagsetta 2. júní 1983, þar sem Magnús D. Hjartarson, nnr. 6264-0014, Þórufelli 6, Reykjavík, er greindur seljandi bifreiðarinnar og kaupandi Ragnar Hafsteinn Guðbjörnsson, nnr. 7165-0596, Neðri-Rauðsdal, V.-Barðastrandarsýslu, eftir að hafa falsað skjalið að efni til og ennfremur nafnritun Magnúsar D. Hjartarsonar undir tilkynninguna.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Af hálfu skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, eru gerðar þær kröfur í málinu, að ákærði verði sýknaður af

öllum kröfum í ákæru frá 28. september 1983 og af fyrri ákærulið í ákæru frá 24. október 1983 svo og að ákærði hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir önnur brot, sem hann er saksóttur fyrir. Loks er gerð krafa um greiðslu á málsvarnarlaunum.

I. Um ákæru frá 28.09.83.

Í skýrslu lögreglunnar í Reykjavík segir, að kl. 13:07 föstudaginn 4. febrúar 1983 hafi borist tilkynning um, að ölvaður maður væri með hníf í Brautarholti 22. Er lögreglumenn komu á vettvang, hittu þeir fyrir Viðar Helga Guðjohnsen, þar til heimilis, „er þá hélt Baldvin í gólfinu.“ Haft er eftir Viðari Helga í skýrslunni, að hann hafi vísað ákærða út af gistiheimilinu, sökum þess að hann hafi barið aðra gesti. Ákærði hafi þá „þrifið upp hníf og otað að sér“, en Viðar Helgi hafi náð taki á hendi ákærða og tekið af honum hnífinn. Ákærði var færður á lögreglustöðina og síðar í blóðtöku á Borgarspítalann. Í sýninu reyndist magn alkóhóls vera 1,83‰.

Kl. 15:15 samdægurs kom Viðar Helgi Guðjohnsen, fæddur 14. janúar 1958, á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins og lagði fram kæru á ákærða um: „Árás og meinta morðtilraun.“ Kærandi kvaðst reka gistiheimili að Brautarholti 22 og hefði ákærði falast hinn 24. janúar 1983 eftir herbergi í einn mánuð. Kærandi féllst á tilmæli ákærða, enda þekkti kærandi ekki til ákærða, sem hefði „komið þrýðilega fyrir.“ Ákærði greiddi mánaðarleigu fyrirfram, eða 5.000 krónur. Strax og ákærði var kominn í herbergið vörðu kunningjar kæranda hann við ákærða, sem hefði „grugguga“ fortíð. Kærandi fór því í herbergi ákærða, ræddi þetta við hann og benti honum á, að brot á reglum hússins væru brottrekstrarsök. Tók ákærði hvoru tveggja vel, en strax á 2. dvalardegi lagðist ákærði í óreglu og safnaðist að honum „alls konar fólk sem var með drykkjulæti.“ Urðu aðrir gestir af þessum sökum fyrir miklu ónæði. Ákærði var ítrekað aðvaraður, og þurftu starfsmenn hússins auk þess oft að skerast í leikinn vegna slagsmála og annars ónæðis vegna framkomu ákærða. Ákærði hefði um morguninn komið lítilega undir áfengisáhrifum í gestamóttökuna. Kærandi sagði ákærða, að vegna framferðis hans yrði hann að víkja af heimilinu og væri þess óskað, að hann hyrfi brott með „hafurtask“ sitt. Síðar segir orðrétt í skýrslu kæranda:

„Viðar kveður Baldvin hafa mótmælt þessu og farið að vera með hótanir gagnvart sér, meðal annars hótanir um líkamsmeiðingar og jafnvel morð. Viðar kveðst þá hafa sagt við Baldvin að hann skyldi koma sér út úr húsinu strax og farið að ýta honum í átt til útidyranna. Þá hafi komið til smá átaka en Baldvin síðan snúið sér frá eins og hann ætlaði að ganga frá en skyndilega snúið sér við með hníf á lofti í hægri hendi og byrjað að leggja

til sín en hann getað gripið um handlegg Baldvins og stöðvað lagið til að byrja með. Þeir hafi síðan tekist á, Baldvin reynt að reka hnífinn í kvið sér en hann haldið á móti eins og hann gat. Þegar svo hafi verið komið að hnífurinn hafi átt skammt ófarið í kvið sér hafi hann bitið í handlegg Baldvins sem missti hnífinn við það í gólfið. Viðar kveðst síðan hafa gefið Baldvin olnbogaskot en Baldvin hafi staðið fyrir aftan sig. Við það hafi Baldvin fallið niður í eitt hornið í anddyrinu. Viðar kveðst hafa tekið hnífinn og síðan haldið Baldvin þangað til lögreglan kom á vettvang og handtók Baldvin.

Viðar kveðst fullyrða að ætlun Baldvins hafi verið að myrða sig með því að reka hnífinn í kvið sér og gerir kröfu til þess að Baldvin verði refsað að lögum fyrir ætlun sína.

Þá vill Viðar bæta við að er hann og Baldvin lentu í smá átökum þeim sem áður er lýst og gerðust áður en Baldvin brá hnífnum, þá hafi Baldvin sagt: „Þetta er allt í lagi, ég er rólegur, ég fer bara upp og geng frá þessu.“ Eftir að Baldvin hafði sagt þetta kveðst Viðar hafa sleppt honum og hann þá snúið sér við með hnífinn á lofti. Viðar kveðst ekki hafa haft hugmyndum að Baldvin var með hníf innanklæða.“

Kærandi kom á ný eftir hádegi næsta dag til rannsóknarlögreglu ríkisins. Kærandi kvaðst þá „vera mótfallinn“ fréttum í tveim dagblöðum borgarinnar, sem honum voru sýndar af atburðinum. Þó taldi hann frétt annars blaðsins vera í meginráttum rétta en hina „sahengislausu.“ Framkoma ákærða hefði verið góð í byrjun enda var hann þá laus við áfengisáhrif. Honum hefðu verið kynntar reglur hússins munnlega, en þær hefðu ekki verið færðar í letur fyrir gesti. Viðbrögð ákærða við reglunum hefðu verið jákvæð, og taldi kærandi því, að þær hefðu komist vel til skila. Ákærði hefði fyrirgert gistirétti sínum með ólátum. Er ákærða var vísað á brott, mótmælti hann harðlega og hafði uppi hótanir um líflát og fleira. Síðan segir í framburðinum:

„Hann hafi fylgt því eftir að Baldvin færi út með því að ýta við honum og áleiðis að útidyrum en þá upphafist einhverjar smá stimpingar. Segist mætti hafa náð að taka með hægri handlegg utan um og fram fyrir hálsinn og haldið honum þannig um stund. Baldvin hafi þá sagst orðinn rólegur og hyggðist fara upp með góðu og sækja sitt dót en síðan hafa sig á brott. Þá segist mætti hafa sleppt takinu lausu en skyndilega hafi Baldvin snúið sér við og með hægri hendi haldið á hnífi. Mætti segist ekki hafa veitt því athygli að Baldvin tók upp hnífinn meðan hann hélt honum í þeim tókum sem fyrr er lýst en telur sig hafa átt að sjá ef svo væri. Þannig segist hann telja mestar líkur á, að Baldvin hafi ekki tekið upp hnífinn fyrr en hann hafði gengið aðeins frá mætta og heldur hnífnum þá fyrir ofan höfuð. Segist mætti þá hafa farið á móti honum með því að taka

fyrst með hægri hendi í þá hægri á Baldvin og síðan til viðbótar með þeirri vinstri. Í þessari stöðu segist mætti hafa haldið Baldvin, en síðan snúið sér að honum þannig að bakið á mætta var að maga Baldvins, en hnífurinn beindist þá í stefnu að kviðnum á mætta. Þrátt fyrir tókin segir hann Baldvin hafa haft kraft til að beina hnífnum nær og raunar mjög nálægt og hann því gripið til þess að bita í, sennilega annan lið þumalfingurs Baldvins, sem við það missti hnífinn en ekki fyrr eða með öðrum hætti. Mætti segist hafa bitið það fast að hann hafi verk í einni tönn eftir og án efa ætti merki þessa að sjást á Baldvin.“

Kærandi kvaðst í lok skýrslugerðar ekki hafa í hyggju að halda uppi refsikröfunni frá deginum áður.

Er kærandi kom fyrir dóm, kvað hann ákærða hafa verið mjög þrúðan fyrstu dagana, en fljótlega hefði borið á óreglu hjá honum, og olli hann miklu ónæði á heimilinu. Ákærði hefði jafnan verið kurteis, er hann var án áfengisáhrifa. Vitnið hefði lent í átökum við ákærða kvöldið fyrir atburð þann, sem kærandi kærði. Þá var ákærði að valda ónæði í herbergi annars gests. Vitnið hefði tekið ákærða með valdi út úr því herbergi og fært hann fram á gang. Ákærði róaðist fljótt og baðst afsökunar. Skapgerð ákærða hafi virst sveiflukennd, hann hafi stundum æstst upp en róast fljótt.

Vitnið var ekki á gistiheimilinu næstu nótt, en er það kom til vinnu morguninn eftir, frétti það hjá öðrum næturverðinum, Jóni Atla, að ákærði hefði valdið frekara ónæði, eftir að vitnið fór.

Næsta morgun kom ákærði niður í móttökuna og var þá eitthvað undir áfengisáhrifum. Vitnið sagði ákærða þá, að hann yrði að rýma herbergið. Ákærði tók ekkert undir það, barði í borðið og var með heitingar, en vitnið mundi ekki, hverjar þær voru, enda hefi vitnið ekki tekið þær þá svo alvarlega, enda alltítt hjá ölvuðum mönnum. Vitnið bar, að ákærða hefði verið sýnt óvenjulegt langlundargeð, þar sem hann var nýkominn frá Svíþjóð og hafi mikið af húsmunum verið í herberginu, m.a. sjónvarp og videótæki. Ákærði hefði ekki verið fáklæddur, heldur venjulega klæddur, þó ef til vill jakkalaus, og ekki búinn til að fara út. Vitnið mundi ekki, hvernig ákærði var klæddur. Vitnið hefði skorað á ákærða að fara upp á herbergi, en hann hafi þá verið orðinn æstur og byrjaður með heitingarnar. Vitnið ýtti þá ákærða út úr afgreiðslunni, en ekki hafi verið meiningin að láta hann út úr húsinu.

Vitnið upplýsti, að tvær tröppur væru frá afgreiðslunni og niður á stiga-pall, sem mun vera af stærðinni ca 1,6 x 2,5 metrar. Gegnt stiganum upp á 2. hæð er útidyrhurðin og afgreiðslan til hægri miðað við inngöngu.

Vitnið kvaðst hafa fært ákærða út úr afgreiðslunni með því að halda honum fyrir framan sig og halda hægri hendi um háls hans og vinstri um kvið hans. Er þeir voru komnir niður tröppurnar og í anddyrið, varð

ákærði rólegur, og vitnið spurði, hvort hann ætlaði ekki upp. Ákærði játaði því og kvað allt vera í lagi. Vitnið sagði, að ákærði hefði gengið frá því og það verið um það bil að snúa inn í afgreiðsluna, þegar það sá allt í einu, að ákærði var með hníf á lofti í hægri hendi. Vitnið kvaðst hafa haft lítið svigrúm til athafna þar sem forvitnir gestir voru í afgreiðslu-dyrnum. Vitnið kvaðst hafa gripið með hægri hendi um úlnið ákærða og síðan með þeirri vinstri. Í þessum tókum snéri vitnið sér þannig, að ákærði varð fyrir aftan það, en vitnið hélt handlegg hans fyrir framan sig. Hnífurinn hefði nálgast brjóst sitt, en vitnið gat ekki fullyrt, hvort það var vegna ásetnings ákærða eða sviptinganna og þrengsla. Einnig var hugsanlegt að mati vitnisins, að ákærði hefði verið að draga hnífinn að sér. Vitnið taldi ofmælt í lögregluskýrslu, að ákærði hefði reynt að reka hnífinn í brjóst þess, heldur sé það, sem að framan greinir, eins líklegt. Vitnið kvaðst hafa gripið til þess ráðs að bíta í höndina á ákærða.

Vitnið hélt, að ákærði hefði sagt eitthvað, er vitnið sá hann með hnífinn á lofti, en mundi ekki eftir beinum hótunum í því sambandi.

Vitnið kvaðst ekki vita, hvort ákærði hefði ætlað að vinna því tjón eða hvort hann var aðeins að ógna því. Vitnið hefði metið aðstæður svo, að vissara væri að taka ekki neina áhættu, enda því ríkt í huga nýlegur doveiflegur atburður, er vinur þess var veginn með hnífi. Vegna þeirrar fullyrðingar ákærða, sbr. síðar, að ákærði hefði gripið til hnífsins, er vitnið hafði hann í hálstaki, kvaðst vitnið ekki hafa séð hnífinn fyrr en í hægri hendi ákærða. Vitnið kvaðst ekki vilja fullyrða, eins og orðað væri í lögregluskýrslu, að ákærði hefði ætlað að myrða sig.

Ákærði var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu ríkisins morguninn eftir atburðinn. Ákærði kannaðist við að hafa lent í átökum við kæranda og að hafa tekið upp hníf og otað í átt að kæranda, sem hefði náð að afvopna ákærða „svo til strax.“ Ákærði hefði borið hnífinn „fyrir innan skyrtu sína“ í slíðri. Hnífurinn væri sín eign og hefði ákærði keypt hann í Svíþjóð. Ákærði kvaðst hafa verið mjög ölvaður eftir „samfellda drykkju í sólarhring“, er átökin urðu.

Ákærði kvaðst hafa komið frá Svíþjóð 20. janúar 1983 og tekið herbergi á leigu til eins mánaðar og greitt leigugjaldið fyrirfram. Ákærði kannast við, að kærandi hefði kynnt honum skömmu eftir komuna, að brot á húsreglum væri brottrekstrarsök. Ákærði bar, að fyrir sér hefði vakað að virða reglurnar, en hann hefði byrjað að drekka fljótlega. Hann var þó ekki við samfellda drykkju þar til daginn áður. Ekki hefði hann lent í átökum við starfsmenn heimilisins áður og sér væri ókunnugt um, að ölvaðir gestir sínir hefðu lent í deilum við starfsmennina. Nokkrum dögum fyrr hefði kærandi bedið sig að fara úr herbergi kunningja ákærða og í sitt eigið. Ákærði hefði ekki andmælt því, en svo hefi farið, að kærandi hefði tekið hann tókum.

Ákærði hefði sætt sig illa við þetta.

Ákærði kannaðist við, að kærandi hefði á ný gert athugasemd við sig morguninn áður og vísað honum brott með sitt. Ákærði hefði mótmælt. Komið hefði til átaka, er kærandi hugðist vísa ákærða „fáklæddum og lítt undir það búnum að fara“. Kærandi hefði tekið ákærða „haustaki“ svo harkalega, að tönn virtist hafa losnað í efri-gómi. Vera kynni, að ákærði hefði verið með einhverjar hótanir, en ákærði mundi ekki orðaskipti þar um nánar. Ákærði ítrekaði, að hann hefði verið mjög ölvaður og ósofinn. Síðan er skýrslan um yfirheyrsluna yfir ákærða á þessa leið:

„Mætta hefir verið kynnt einstök atriði kærunnar og meðal annars um þann þáttinn þar sem viðureigninni með hnífinn er lýst. Mætti segir þarna orðum aukið mjög og segir áfram, að Viðar hafi staðið fyrir aftan sig og haldið sér með föstu „haustaki“. Mætti þá og í þeirri stellingu gripið til hnífsins, er hann geymdi undir skyrtunni en Viðar strax náð að taka um þá hendi mætta, sem var sú hægri, og það fast að hann missti hnífinn úr hendinni. Hann segist ekkert hafa náð hnífnum eftir það. Þannig kveðst mætti vilja mótmæla alfarið þeirri lýsingu Viðars, að mætti hafi lagt hnífinn að eða í áttina að Viðari. Hugsun mætta með því að taka hnífinn upp í þessari stöðu hafi aðeins verið sú að hræða hann en við hafi verið slíkt ofurefli að etja að öll brögð mætta reyndust árangurslaus. Viðar hafi síðan haldið honum þar til lögreglan kom.

Mætti segist vilja neita því harðlega að Viðar hafi bitið í handlegginn eins og hann lýsir enda geti hann hvergi fundið merki þess. Auðveldlega hafi honum tekist að fá mætta til að missa hnífinn eftir að hafa tekið um hægri höndina, þar sem hnífurinn var.

Þá segist hann og vilja mótmæla þeirri lýsingu Viðars að hann hafi verið búinn að sleppa mætta, er hann greip um hnífinn. Viðar hafi greinilega ekki ætlað að sleppa takinu enda ætlun hans sú að mætti færi út en ekki upp.

Aðspurður um ástæðu þess að mætti bar á sér hnífinn segir hann, að stuttu áður hafi hann inni á herbergi sínu verið að handleika hnífinn og m.a. hent honum upp í loft og gripið um skaftið á leið hans niður. Við þessar æfingar hafi hann skorið sig, eins og sjá má. Í framhaldi af þessu hafi hann komið hnífnum fyrir undir skyrtu sinni.

Mætta hefir verið kynnt að framburður hans og Viðars stangist nokkuð á og sama sé um framburð vitnis að segja.

Mætti kveðst þegar hafa greint réttilega frá málavöxtum eins og hann man þau og ítrekar að Viðar hafi ekki látið sig lausan áður en mætti greip til hnífsins. Þá vilji hann og ítreka að Viðar hafi ekki bitið sig hvorki í hægri hönd eða aðra staði líkamans enda beri hann engin slík merki“.

Eftir birtingu ákæru málsins í dóminum neitaði ákærði að hafa verið

með hótanir um líkamsmeiðingar við kæranda, en neitaði að tjá sig um þetta ákæruatriði frekar.

Á dómstöku kom ákærði á ný fyrir dóm, enda var hann þá reiðubúinn til að tjá sig frekar. Ákærði kvaðst hafa verið staddur í herbergi Vestmannaeyinga „í sjómann“. Ákærði hefði unnið Vestmannaeying, en annar eyjaskeggi hefði unað því illa og vildi líka reyna sig. Ákærði var ekki reiðubúinn til þess. Í þessu hefði kærandi komið og skipað ákærða að fara upp á sitt herbergi, sem var á næstu hæð. Vestmannaeyingarnir vildu ekki, að ákærði færi, og óskaði ákærði eftir að fá að sitja ögn lengur. Kærandi sinnti því engu og tók ákærða hálstaki og dró hann aftur á bak upp stigann og skildi hann eftir fyrir utan herbergi hans. Þar kvaðst ákærði hafa vaknað.

Næsta morgun hefði komið maður frá Viðari og beðið ákærða að koma niður í móttöku að tala við Viðar. Ákærði hefði farið niður eins og hann stóð, í skyrtu, buxum og sokkaleistum. Í móttökunni sat Viðar fyrir innan skrifborð og vísaði ákærða umsvifalaust út. Ákærði hefði óskað eftir að fá að fara upp til að ná í veski sitt, jakka og skó. Viðar hefði þá sagt, að ákærði færi hvorki eitt né neitt, „þú ferð út“. Ákærði hefði neitað að fara, eins og hann stóð, þar sem hann taldi sig eiga rétt á að ná sér í fötin. Viðar hefði sprottið upp og ætlað að taka ákærða kverkatáki með handleggnum, en ákærði hefði náð að beygja hökuna niður í bringu, þannig að takið herti ekki að hálsinum. Einhver opnaði dyrnar, og náði ákærði þá tókum á dyrakörmunum, eftir að Viðar var búinn að draga hann þangað. Ákærða hefði tekist að spyrna Viðari frá sér. Viðar hefði þá slegið ákærða hnefahögg við hægra augað og gripið síðan um handleggi ákærða með annan alveg aftur fyrir bak og spenntan niður. Þá hefði ákærði fundið til óþæginda fyrir hnífnum, sem var „óslíðraður“ við beltisstað. Ákærði hefði kallað upp, að hnífurinn væri að stingast í sig, en tókst að losa um aðra höndina og gripa hnífinn og lyfta honum lítillaga með oddinn niður. Annar maður hefði gripið um höndina á ákærða, sem sleppti hnífnum. Mennirnir hefðu síðan farið áfram með ákærða út á stétt og héldu honum, þar til lögreglan kom.

Ákærði kvaðst hafa verið með hnífinn í beltinu, vegna þess að tveir kunningjar sínir hefðu hver á eftir öðrum tekið hann upp úr skúffu og verið að leika sér ógætlega með hann.

Ákærði mótmælti því að hafa verið með nokkrar hótanir eða að hafa haldið hnífnum á lofti.

Ákærði bar, að hann hefði ekki farið á slysavardstofuna, hann hefði verið fluttur beint í fangageymslu lögreglunnar á Hverfisgötu og þaðan til rannsóknarlögreglu ríkisins. Ákærði kvað öll ör á mynd, sem lögð hefði verið fram í málinu af honum, vera af völdum Viðars.

Vitnið Jón Atli Ólafsson, næturvörður í gistiheimilinu að Brautarholti 22, fæddur 27.01.58, skýrði rannsóknarlögreglu ríkisins svo frá hinn 4. febrúar 1983, að ákærði hefði frá því hann tók herbergið á leigu fyrir einum 10 dögum, verið í stöðugri óreglu og af honum hefði stafað mikill hávaði og ónæði á heimilinu. Vitnið hefði sjálfst lent tvívegis í átökum við hann. Í fyrra sinnið bað vitnið ákærða að hætta hávaða, sem olli öðrum gestum ónæði. Ákærði hefði orðið alveg óður og ráðist á vitnið. Vitnið hefði komist frá honum án meiðsla. Hitt sinnið hefði verið nóttina áður, er vitnið vildi ekki hleypa inn gestum ákærða, sem hann átti von á skömmu eftir að hann kom heim um kl. 03:00. Ákærði hefði verið hinn versti og ráðist að vitninu. Vitnið gat slitið sig laust og náð í Viðar, sem leysti málið. Ákærði hefði einungis verið með hávaða og hótanir „og sagðist skyldi lemja og drepa Viðar ef ég næði í hann“.

Vitnið bar, að það hefði verið á leið út um hádegisbilið, líklega um kl. 13:00. Þá sá vitnið, að ákærði og Viðar voru eitthvað að stimpast. Virtist vitninu Viðar vera að ýta ákærða út úr húsinu. Skipti vitnið sér ekkert af þessu og vissi ekkert um hnífamálið fyrr en því var sagt frá því eftir á. Vitnið taldi ákærða „stórhættulegan“ og mætti ekkert bera út af, svo að hann yrði alveg brjálaður. Þess á milli gæti hann verið svona venjulegur og kurteis.

Vitnið Sigurður Einarsson, vaktmaður gistiheimilins, til heimilis að Laugavegi 69, fæddur 19. maí 1938, Tjörn, Rangárvallasýslu, skýrði rannsóknarlögreglu ríkisins svo frá, að ekkert hefði verið undan ákærða að kvarta á 2-3 fyrstu vöktunum, en síðan hefði farið að bera á óreglu hjá ákærða og gestum hans. Kvartað hefði verið undan ákærða og vitnið hefði heyrt Viðar segja ákærða, að hann yrði að hætta óreglu ella fara. Vitnið kvaðst einkum hafa fylgst með honum á vöktum sínum síðustu tvo sólarhringana. Varð vitnið þá m.a. þess vart, að ákærði veittist a.m.k. tvívegis að hótelgestum, en Viðar hefði tekið í taumana.

Vitnið kvaðst um kl. 13:00 hafa verið á leið út úr húsinu ásamt Viðari. Þeir hefðu komið úr hliðarsal, og er þeir komu í anddyrið, var ákærði að koma niður stigann. Viðar snéri sér að ákærða og spurði, hvort hann væri búinn að „pakka niður“. Ákærði hefði sagt, að hann færi út hinn 24. Viðar hefði sagt ákærða að fara upp, gagna frá dóti sínu og yfirgefa síðan húsið, en farangurinn mætti hann geyma, þar til runnið væri af honum. Vitnið taldi ákærða „mjög lítið ölvadan“. Síðan segir í framburðinum:

„Baldvin neitaði þessu með öllu og æsti sig upp og fór að hóta Viðari. Baldvin sagðist geta lamið Viðar í klessu og eitthvað fleira í þeim dúr, sem ég ekki man orðrétt og síðan er þeir töluðu meira saman þá heyrði ég Baldvin hóta að drepa Viðar.

Viðar sagðist þá ekki þola slíkar hótanir lengur og sagði um leið að nú færi Baldvin út og það á stundinni. Við svo búið þá ýtti Viðar Baldvin á undan sér þarna fram ganginn og fram undir dyr og sá ég Viðar taka Baldvin þar tókum um leið og hann ætlað að opna dyrnar. Þarna urðu einhverjar smá stimpingar, en alls ekki þó átök.

Ég heyrði Baldvin síðan segja, að hann skyldi fara upp og ganga frá dóti sínu og sá síðan að Viðar sleppti tókunum á Baldvin og snéri um leið frá honum, en um leið og Viðar snéri sér frá Baldvin þá sá ég Baldvin taka upp boginn slíðurhníf, sem hann virtist taka úr beltinu og beindi hann hnífnum strax að Viðari.

Ég veit ekki hvort Viðar átti von á einhverju sem þessu, en ég sá Viðar taka um hægri hendi Baldvins. Í þeirri hendi hafði Baldvin hnífinn.

Þá hófust mikil átök sem stóðu mjög stutt. Ég sá að Baldvin beindi hnífnum að kviðarholi Viðars og er hnífurinn átti stutt ófarið að kviðnum á Viðari þá sá ég Viðar beygja sig niður og bíta í hægri hendi Baldvins, sem um leið missti hnífinn á gólfíð. Viðar sneri sér síðan við og gaf Baldvin högg með olnboga og féll Baldvin þá niður og út í horn og þar hófst stutt en hörð viðureign þeirra og Viðar náði að halda Baldvin þar föstum.“

Vitnið hefði hringt til lögreglunnar, sem hefði komið fljótt. Ákærði var mjög æstur og viðhafði stóryrði í garð Viðars, en róaðist síðan og var rólegur, er lögreglan kom. Allt hefði skeð mjög snögg og vitnið var á leiðinni til þeirra, er Viðari tókst að bíta í hönd ákærða, sem þá lét hnífinn lausan.

II.

Um ákæru frá 24. október 1983.

1. Kl. 08:00 laugardaginn 9. apríl 1983 tilkynnti ökumaður leigubifreiðar, að trúlega væri ölvaður maður að aka bifreiðinni E-2321 á Sundlaugavegi. Tilkynnandi fylgdist með bifreiðinni, uns henni var lagt fyrir framan hús nr. 142 við Kleppsveg. Er lögreglumenn komu á bifreið á vettvang, sáust þrír menn vera að fara inn í stigagang hússins, „og voru þeir greinilega ölvaðir“. Var ákærði þarna á ferð ásamt Tryggva Bjarna Kristjánssyni og Stefáni Þorkeli Karlssyni. Voru þeir allir færðir á lögreglustöðina og ákærði til blóðtöku. Í blóðsýninu reyndist magn alkóhóls vera 1,41‰.

Framangreindur leigubifreiðarstjóri, Valdimar Guðjón Valdimarsson, fæddur 12.08.44, skýrði rannsóknardeild lögreglunnar svo frá, að hann hefði verið kallaður að Kleppsvegi 140. Er vitnið kom þangað, gaf sig fram við það sloppklæddur piltur og bað vitnið að kalla til lögregluna til að fjarlægja menn, sem væru inni hjá honum. Vitnið dokaði við, og eftir um 20 mínútur komu út piltar, einn og einn. Vitnið heyrði, að þeir höfðu orð á því, að þeir hefðu ekki pantað leigubifreið, og einnig heyrði vitnið, að þeir voru að ræða um, hver ætti að aka. Síðan fóru þeir allir inn í bílinn,

og ekið var brott. Vitnið hafði samband við stöð sína og bað um, að lögreglunni yrði gert viðvart. Vitnið ók síðan á eftir bíl piltanna. Piltarnir óku stóran hring um Laugarneshverfið og Langholtið og námu staðar við Kleppsvog 140. Þar fóru piltarnir inn í stigaganginn við Kleppsvog 142. Lögreglan hefði síðan komið og tekið piltana.

Í dóminum kvaðst vitnið Valdimar Guðjón hafa séð, er bifreiðinni var ekið frá Kleppsvogi 140 upp Holtaveg og út á Langholtsveg. Þar missti vitnið sjónar á bílnum, en sá hann aftur á Sundlaugavegi. Þaðan var bílnum ekið inn á Hrisateig, Laugalæk, Sundlaugaveg og Brúnaveg. Þar missti vitnið aftur sjónar á bifreiðinni og datt þá í hug að fara aftur að Kleppsvogi 140. Þá var bifreiðin kyrr á sama stæði og hún var fyrir ökuferðina, en piltarnir voru að skjótast inn í hús nr. 142 nema einn, sem vitnið sá síðar á gangi á Holtavegi, eftir að lögreglan var komin. Vitnið kvaðst hafa orðið vart við ferð lögreglubifreiðar, á meðan á ökuferð framangreindrar bifreiðar stóð. Lögreglubifreiðin hefði komið tæpri mínútu á eftir vitninu að Kleppsvogi 140.

Vitnið Stefán Þorkell Karlsson sjómaður, Seljavegi 7, fæddur 15. maí 1954 í Reykjavík, skýrði svo frá við frumyfirheyrslu hjá lögreglunni, að hann hefði verið með ákærða daginn áður og um nóttina. Um morguninn (sem vitnið var yfirheyrð) hefði ákærði farið einn hring á bíl sínum um Kleppsholtið og síðan aftur að Kleppsvogi 140. Þá kom lögreglan að þeim. Þeir hefðu verið fjórir í bílnum og „Jens“ hefði setið fram í hjá ökumanninum, ákærða, en vitnið og Tryggvi aftur í. Enginn annar en ákærði hefði ekið.

Vitnið Stefán Þorkell kvaðst í dóminum kannast við málavexti og rétt væri, að ákærði hefði ekið bifreiðinni E-2321 frá Kleppsvogi 140 um götur í grenndinni og aftur að Kleppsvogi 140. Þeir hefðu verið nýkomnir út úr bifreiðinni, er lögreglan kom.

Hinn pilturinn, sem var tekinn með ákærða, var Tryggvi Bjarni Kristjánsson, fæddur 7. október 1959 í Ytri-Njarðvík. Hann skýrði lögreglunni svo frá, að hann hefði verið í gleðskap um nóttina og síðan farið að Kleppsvogi 140 til „Ragnars“. Þar voru tveir menn, sem vitnið kannaðist vel við, ákærði og vitnið Stefán Þorkell. Einnig var þar „Jens“. Mikill hávaði var í þremmingunum, og reyndi vitnið að koma þeim brott. Endaði þetta með því, að vitnið fór með þremmingunum út og í bíl ákærða. Ók ákærði brott. Þar sem billinn var mjög hávæ, bauð vitnið fram sinn bíl. Því var farið aftur til baka. Þá kom lögreglan.

Í dóminum kvaðst vitnið Tryggvi Bjarni muna óljóst eftir atburðinum og að hafa gefið um hann skýrslu. Vitnið minnti, að þeir hefðu ekið um. Vitnið staðfesti framburðinn hjá lögreglunni.

Ákærði hefur bæði við rannsókn og meðferð málsins neitað sakargiftum.

Hann hefur kannast við að hafa átt bifreiðina E-2321 og að hafa ekið henni að Kleppsvegi 140 heim til Ragnars Haukssonar. Þar hefði hann neytt áfengis, en ekki ekið eftir þá drykkju.

2. Aðfaranótt föstudagsins 9. september 1983 komu lögreglumenn að ákærða undir stýri bifreiðarinnar Ö-3897 við Laugaveg 43. Töldu lögreglumennirnir ákærða bersýnilega vera ölvaðan. Var hann færður til yfirheyrslu og í blóðtöku. Magn alkóhóls í sýninu reyndist vera 1,80‰.

Ákærði hefur bæði við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni Ö-3897 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum föstudaginn 9. september 1983 þá leið, sem í ákæru greinir.

III.

Um ákæru frá 5. apríl 1984.

1. Árla morguns laugardaginn 8. október 1983 stöðvaði lögreglan akstur ákærða á bifreiðinni Ö-3897 við Miklatorg. Þar eð ákærði bar merki þess að hafa neytt áfengis, var hann færður til yfirheyrslu og í blóðrannsókn. Í sýninu reyndist magn alkóhóls vera 1,27‰.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni Ö-3897 umrætt sinn undir áfengisáhrifum frá Meistaravöllum 21 áleiðis að Akurgerði 10, uns aksturinn var stöðvaður við Miklatorg.

2. Kl. 20:17 framangreindan laugardag veittu lögreglumenn því athygli, að stúlka var að ýta bifreið til vesturs frá bifreiðastæðum lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 113 að Snorrabraut. Þar virtist vél bifreiðarinnar „fara í gang“, og var henni ekið um Skúlatorg og austur Skúlagötu. Fóru lögreglumennirnir að aðkeyrslu bifreiðastæða lögreglunnar við Rauðarárstíg í því skyni að stöðva bifreiðina. Var henni ekið suður Rauðarárstíg og þar til vesturs um akbraut um stæðin, og tókst að stöðva hana við Rauðarárstíg. Reyndist ákærði vera þar á ferð. Þar eð hann bar merki þess að hafa neytt áfengis, var hann færður til yfirheyrslu og í blóðtöku. Reyndist magn alkóhóls í sýninu vera 2,00‰.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt þennan akstur. Við rannsóknina kvaðst hann hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en við meðferðina, að hann hefði verið „hálf þunnur“ vegna undanfarandi áfengisdrykkju.

IV.

Um ákæru frá 20. júlí 1984.

Með bréfi, dagsettu 14. september 1983, snéri Magnús D. Hjartarson, Jórufelli 6 hér í borg, sér til lögreglustjóraembættisins í Reykjavík út af því, að nafn hans hefði verið falsað á sölutilkynningu bifreiðarinnar R-34718. Kærandi greindi svo frá í bréfi sínu, að hann hefði selt Rafni Arnari

Guðjónssyni, Hverfisgötu 49, Hafnarfirði, bifreiðina R-34718, Ford Cortina, árgerð 1972, en ekki Ragnari Hafsteini Guðbjörnssyni, Neðri-Rauðsdal, Vestur-Barðastrandarsýslu, eins og sölutilkynning bæri með sér.

Hinn 16. nóvember sl. var Ragnar Hafsteinn yfirheyrður af lögreglunni á Patreksfirði og skýrði svo frá, að sonur sinn, ákærði, hefði selt sér bifreiðina R-34718, og hann sjálfur hefði staðið í þeirri trú, að sonur sinn hefði keypt hana af Magnúsi D. Hjartarsyni. Ragnar Hafsteinn sagði, að sonur sinn hefði gengið frá kaupum og þar með sölutilkynningunni. Mætti (sic) hefði látið umskrá bifreiðina á skráningarkerkið B-239 og þá afhent sölutilkynninguna.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík hinn 19. desember sl. skýrði ákærði svo frá, að hann hefði keypt bifreiðina R-34718 í næstliðnum júnímánuði af Rafni Arnari Guðjónssyni á vegum einhverra milliliða. Ákærði hefði átt bifreiðina í um einn mánuð og hefði þurft að láta hana standa vegna tíðra bilana. Ákærði hefði aldrei látið umskrá bifreiðina á sitt nafn, hún hefði ávallt verið skráð á nafn Magnúsar D. Hjartarsonar. Ákærði hefði síðan farið vestur og gefið föður sínum bifreiðina, „þar sem hún var eiginlega verðlaus.“ Ákærði hefði þá ætlað að umskrá bifreiðina, en skort rétta sölutilkynningu. Ekki hefði hann haft símanúmer skráðs eiganda og ekki athugað að gá í símaskrá að því. Einnig hefði sér fundist „málið vera allflókið með fullar hendur af pappírnum og illt að átta sig á þeim“, því hafi hann gripið til þess ráðs að rita sölutilkynningu, „sem dugði“ til að fá bifreiðina umskráða. Er umrætt afrit sölutilkynningar, sem er meðal skjala málsins, var sýnt ákærða, viðurkendi hann að hafa ritað frumritið á Patreksfirði og lagt það þar inn. Ákærði kvaðst aldrei hafa átt í bifreiðaviðskiptum og því hafi sér verið ókunnugt um, að undirskriftin, sem hann reit á tilkynninguna, væri ólögmat.

Rafn Arnar Guðjónsson, Hverfisgötu 49, Hafnarfirði, fæddur 24. júlí 1956, skýrði við rannsókn málsins svo frá, að hann hefði keypt bifreiðina R-34718 af Magnúsi Hjartarsyni hinn 2. júní 1983 og hefði farið í Bifreiðaeftirlit ríkisins nokkrum dögum síðar til að umskrá bifreiðina. Hann hefði síðan selt bifreiðina manni, sem hann myndi ekki nafn á, en hefði það á afriti afsals. Samkvæmt ljósriti sölutilkynningar seldi Rafn ákærða bifreiðina 13. júlí 1983. Ákærði ritaði nafn sitt á hana sem samþykkur. Eigin kona ákærða afhenti lögreglunni afritið 7. maí 1984.

Skjölum málsins fylgdi hvorki frumrit skjalsins, sem ákærði er sakaður um að hafa ritað nafn sitt á, né afrit af sölutilkynningu frá kæranda til Rafns.

Eftir birtingu ákærunnar í dóminum skýrði ákærði svo frá, að hann hefði ætlað að tilkynna eigendaskipti á Patreksfirði að bifreiðinni R-34718, en í ljós hefði komið, að hún hefði gengið kaupum og solum milli nokkurra

manna án formlegra sölutilkynninga. Því hefði hann gripið til þess ráðs að tilkynna skráðan eiganda Magnús D. Hjartarson sem seljanda til föður síns og skráð slíkt á sölutilkynninguna.

Á dómstökuþingi málsins kvaðst ákærði hafa reynt að hafa símasamband við Magnús D. Hjartarson, en það ekki tekist. Ákærði hefði því gripið til þess ráðs að rita nafn hans sjálfur, „enda talið sig vera að gera manninum um greiða og talið þetta lítilfjörlegt atriði“.

Álit dómsins.

I.

Með framburðum vitnanna Viðars Helga Guðjohnsen og Sigurðar Einarssonar og að nokkru með játningu ákærða við frumyfirheyrslu er sannað, að ákærði hafði í orði og verki frammi hótun um líkamsmeiðingar, svo að það varðar við 233. gr. almennra hegningarlaga. Dómurinn telur síðbúinn framburð ákærða í dómi haldlítinn og nánast haldlausan. Í upphafi kvaðst hann hafa verið með hnífinn í slíðri og síðar án slíðurs. Þegar framburðir vitna eru virtir um hegðun hans á gistiheimilinu fyrir atburðinn og ítrekuð afskipti starfsmanna þar af honum, verður að telja eðlilegt, að starfsmennirnir hafi litið svo á, að ákærði væri vís til vafasamra athafna og því framferði hans vel til þess fallið að vekja hjá Viðari Helga ótta um „líf, heilbrigði eða velferð sína eða annara,“ er hann sá hnífinn í hendi ákærða.

II.1.

Þrátt fyrir neitun ákærða er sannað með framburðum vitna, sem raktir hafa verið, að ákærði ók bifreiðinni E-2321 frá Kleppsvegi 140 um götur þar í grenndinni, og aftur að Kleppsvegi 140. Með játningu ákærða á áfengisneyslu, alkóhólgreiningu í blóði og öðrum gögnum er sannað, að ákærði var undir áfengisáhrifum við aksturinn.

II.2.

Með játningu ákærða á áfengisneyslu, áfengisáhrifum o.fl., alkóhólgreiningu á blóðsýni og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem í öðrum tölulíð ákæru frá 24.10.83 greinir.

II.3.

Bæði háttsemin, sem rakin er í 1, og háttsemin í 2 varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 24. gr. (sic.) og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ákærði hefur því unnið til refsingar samkvæmt 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

III.

Með játningum ákærða, alkóhólgreiningu á blóðsýnum hans og öðrum

gögnum málsins, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um hvora tveggja þá háttsemi, sem lýst er í ákæru frá 5. apríl sl. Brot ákærða ber að heimfæra undir sömu lagaákvæði og brotin, sem lýst er í II, að öðru leyti en því, að fyrra brotið í ákærunni varðar við 2. mgr., sbr. 3.mgr., en ekki 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

IV.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um brotið, sem lýst er í ákæru frá 20. júlí sl. Þegar það er virt, að sölutilkynningar um breytingar á eignarhaldi bifreiða hafa grundvallarþýðingu um, að bifreiðaskrár, sem haldnar eru af hinu opinbera í almannabágu, m.a. til að greiða fyrir áreiðanlegum upplýsingum um eignarhald, fellst dómurinn ekki á, að um lítilræði hafi verið að ræða. Því ber að heimfæra brot ákærða undir 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en ekki 2. mgr., eins og verjandi hefur krafist.

V.

Ákærði hefur sætt refsingum eins og hér greinir:

- 1970 Reykjavík: Uppvís að brotum á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 14/5 1970.
- 1970 26/11 Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga og áfengis- og umferðarlagabrot. Sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt.
- 1971 30/4 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga, en ekki gerð sérstök refsing.
- 1972 10/2 Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga og umferðarlaga. (Dómar 26/11'70 og 30/4'71 dæmdir með).
- 1972 28/9 Reykjavík: Dómur: Refsing felld niður (hegningarauki) fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. gr. og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga.
- 1971 28/10 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1972 13/12 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga og 25. og 27. gr. umferðarlaga, en refsing ekki dæmd.
- 1973 23/10 Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot á 155., 244. og 259. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.
- 1973 9/10 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 2. gr. laga nr. 73, 1952.
- 1974 1/2 Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi fyrir brot á 4., 26., 27., 37., 11. og 18. gr. umferðarlaga.
- 1974 1/2 Reykjavík: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot á 231. og 257. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur.

- 1975 5/2 Reykjavík: Dómur: 45 daga varðhald fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 5/2 1975.
- 1975 23/4 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, 259. gr. og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.
- 1976 3/12 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.
- 1978 10/3 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga og 24. gr. og 27. gr. umferðarlaga.
- 1981 18/8 Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.
- 1982 26/3 Kópavogi: Dómur: 25 daga varðhald fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2., mgr. 41. gr. og 1., 2. og 3. mgr. a-lið 49. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 18.7.'81. (sic)
- 1983 28/4 Reykjavík: Ávana- og fíkn., sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980 og 9. gr. laga nr. 75, 1982.
- 1984 8/3 Reykjavík: Dómur Hæstaréttar varðandi dóm uppkveðinn 26/3 1982: 45 daga varðhald. Staðfest er svipting réttar ákærða til að öðlast ökuleyfi.

Með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga er refsing ákærða ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ekki liggur fyrir í málinu krafa um, að ákærði verði sviptur rétti til ökuleyfis.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð 15.000 krónur. Dómsuppsaga hefur dregist vegna verkfalls starfsfólks innan B.S.R.B.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Baldvin Guðmundur Ragnarsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð 15.000 krónur.